



SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

11. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn miðvikudaginn 8. maí 2024, kl. 15:30 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Elvar Harðarson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir auk fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Vilborgar Ástráðsdóttur og Sigríðar Bjarkar Gylfadóttur. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnarsdóttir skólastjóri Flúðaskóla, Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans Undralands og Auður Hanna Grímsdóttir, fulltrúi foreldra Flúðaskóla. Fjarverandi er Dagný Lilja Birgisdóttir, fulltrúi foreldra Leikskólans Undralands. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri. Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

Málefni Flúðaskóla

1. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla

Lögð fram skýrsla frá skólastjóra Flúðaskóla þar sem farið var yfir starfsemi skólans undanfarna mánuði. Skólastjóri fór yfir helstu atriði og viðburði en þar bar árs hátíð unglíngastígs hæst. Starfskynningar elstu bekkja hafa átt sér stað með tilheyrandi kynningum í kjölfarið. Skákmót hafa verið nokkur að undanfögnu og nemendur skólans hafa staðið sig þar vel að vanda. Nemendur Flúðaskóla tóku þátt í Skólahreysti með góðum árangri. Litla Upplestrarkeppni 4. bekkjar fór fram með góðum hætti en allir nemendur taka þátt og fá viðurkenningarskjal í lokin. Síðasta Smíðja ársins fór fram nýlega en mikil ánægja ríkir með þetta fyrirkomulag. Á næsta ári mun Flúðaskóli bætast í hópinn. Vorskóli elstu barna leikskólans er nú í gangi og gengur vel.

Skólanefnd þakkar greinargóða skýrslu og lýsir yfir ánægju sinni með fjölbreytt og gott starf í skólanum. Einnig lýsir Skólanefnd yfir ánægju með Smíðjurna sem ekki eingöngu auka fjölbreytni í námi nemenda heldur einnig auka þær samstarf og kynningu á milli starfsmanna.

2. Niðurstöður Skólapúlsins.

Niðurstöður Skólapúlsins veturinn 2023-2024. Ánægjulegt er að sjá að flestir mælikvarðar eru á uppleið en þó ber að hafa augun á liðan nemenda og símanotkun sem virðist vera meiri hér heldur en að meðaltali gerist á landinu.

Skólanefnd þakkar fyrir greinargóða yfirferð yfir Skólapúlsinn en áfram verður unnið með þær niðurstöður sem þar koma fram. Skólanefnd telur nauðsynlegt að tekin verði umræða í skólasamfélaginu varðandi símanotkun í skólasamfélaginu og telur tímasetningu næsta haust henta vel til þess. Ennfremur fagnar skólanefnd mikilli ánægju nemenda með mat í mótuneyti.

KD BH
AHG JLA
FS UG
EJ
[Signature]

Sameiginleg málefni

3. Sameiginleg uppeldisstefna leik- og grunnskóla.

Á vinnufundi vegna gerðar skólustefnu kom fram samhljóma vilji til að skoða uppeldisstefnuna Jákvæður agi sem tekin hefur verið upp víða um land. Samtök um stefnuna bjóða upp á námskeið um stefnuna sem gengur út á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en t.d. að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilum og vinnustöðum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.

Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að samfélagið allt í Hrunamannahreppi innleiði uppeldisstefnuna Jákvæður agi og að því komi allar nauðsynlegar stofnanir og félagasamtök.

4. Samantekt frá starfshópi vegna samreksturs leik- og grunnskóla.

Formaður kynnti helstu niðurstöður eftir heimsóknir til samrekinna skóla í nágrenninu.

Skólanefnd telur nauðsynlegt að vinna betur í þeim gögnum sem orðið hafa til í kjölfar heimsóknanna og mælist til þess við sveitarstjórn að frestur til að skila greinargerð verði lengdur fram í byrjun júní.

5. Innleiðing skólustefnu

Vinnuhópur vegna innleiðingar skólustefnunnar hefur hist og byrjað að vinna í vinnuþlaggi fyrir bæði skólastig. Það er í mörg horn að líta en margar aðgerðir eru nú þegar komnar í farveg og aðrar eru á áætlun í upphafi næsta skólaárs. Þessi vinna krefst þó stöðugrar þróunar og ekkert sem sigrast á einum degi.

Skólustjórnendur stikluðu á stóru varðandi eftirfarandi þætti skólustefnu.

- Mannauður, samstarf og starfsþróun
- Umhverfi og aðstaða
- Tómstunda og frístundastarf

Skólanefnd fagnar þeirri góðu vinnu sem í gangi er og hlakkar til að heyra um innleiðingu fleiri þátta á næstu fundum.

6. Persónuvernd og myndbirtingar

Formaður fylgdi eftir umræðu frá síðasta skólanefndarfundum varðandi persónuvernd og myndbirtingar á samfélagsmiðlum. Rætt hefur verið við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins um þessi mál og kynnti formaður þær viðræður.

Skólanefnd telur þessar umræður afar gagnlegar og mun halda þeim áfram næsta haust.

Málefni Undralands

7. Skýrsla staðgengils leikskólustjóra Undralands

Vel hefur verið mannað í leikskólanum, töluvert hefur verið um veikindi en tekist hefur að leysa það farsælega og aldrei hefur þurft að virkja faliðunaráætlun þetta skólaárið. Starfsfólk er almennt ánægt með breytingarnar á skóladagatalinu og telja að breytt skóladagatal hafi gert að verkum að ekki hefur þurft að grípa til faliðunaráætlunarinnar.

HP EA VG
AHG JLA
FS EU

Nú er verið að taka inn börn frá 16 mánaða aldri og hefur aðlögun barnanna undanfarið gengið vel. Tvítýngi er að aukast meðal nemenda og á þessu ári hafa 6 börn af erlendum uppruna bæst í hópinn. Biðlistinn er ekki langur fyrir næsta skólaár en þau börn sem ná 16 mánaða aldri í sumar eða í byrjun hausts munu komast inn strax eftir sumarfrí. Sjö börn útskrifast núna í vor frá leikskólanum Undralandi. Starf vetrarins hefur verið fagleg og gott og komið hefur verið til móts við áhuga og þarfir barnanna eftir bestu getu. Aðal markmið okkar er að öllum börnum líði vel og að allir fái fjölbreytt tækifæri til náms og þroska.

Í maí og júní er mikið um uppbrotsdaga og margt skemmtilegt fram undan. Þar má nefna sveitaferð, hjóladag, skógar-, göngu- og vatnsviku, sumarhátíð og fleira. Elsti árgangurinn er nú í vorskóla og tekur þátt í þremur heilum dögum með yngsta stiginu í Flúðaskóla. Mjög flott samstarf er á milli leik- og grunnskóla og vel staðið að öllu í kringum skólaskilin.

Leikskólinn er að verða sprunginn og innan tveggja ára þarf að vera komið plan um stækkun og bættu starfsmannaaðstöðu. Starfsfólk er almennt spennt fyrir næsta skólaári, enda spennandi tímar fram undan í leikskólamálunum hjá okkur hvað varðar t.d. stefnu- og strauma og aðbúnað húsnæðis.

Skólanefnd þakkar greinargóða skýrslu og það jákvæða starf sem unnið er í leikskólanum. Skólanefnd gerir sér glögga grein fyrir því að mjög fljótlega þarf að ræða um framtíðaruppbyggingu leikskólans en helst þarf að byrja þá vinnu strax á næsta ári.

8. Drög að skóladagatali leikskólans Undralands

Skóladagatal Leikskólans Undralands fyrir 2024-2025 lagt fram til samþykktar.

Skólanefnd samþykkir skóladagatalið í þeirri mynd sem það er hér lagt fram. Með þessari samþykkt er skóladagatal leikskólans aftur samsvarandi að stóru leiti skóladagatali Flúðaskóla. Réttardagur Hrunamanna er frídagur í leikskólanum sem og grunnskólanum. Uppfyllt er skylda um fulla styttingu vinnuvikunnar en hluti af umsaminni vinnutímastyttingu starfsmanna er annars vegar tekinn til samræmis við frídaga grunnskólans um jól, páska og sem vetrarfrí auk 2,5 aukafrídaga til ráðstöfunar hvers starfsmanns vegna vinnutímastyttingar og hins vegar með lokun leikskólans kl. 15:00 alla föstudaga.

Jafnframt samþykkir skólanefnd tillögu að breytingu á núverandi skóladagatali þannig að starfsdagur verði færður frá 27. maí til föstudagsins 31. maí. Skólanefnd mælist til þess að breytingin verði afar vel kynnt sem allra fyrst fyrir foreldrum barna.

9. Niðurstöður Skólapúlsins

Niðurstöður Skólapúlsins veturinn 2023-2024. Staðgengill leikskólastjóra fór yfir helstu niðurstöðu Skólapúlsins en um 90% foreldra voru ánægðir með leikskólann heilt yfir.

Skólanefnd þakkar fyrir greinargóða yfirferð yfir Skólapúlsinn en áfram verður unnið með þær niðurstöður sem þar koma fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30

Valmý Guðmundsd. Elvar Hardarson

Audur Hanna Grimsdóttir Johanna Sæpe Arnard.
Friður Sæmundsdóttir

Alvís Kópkeppur Elma Jóhannsdóttir Katrín Þorvaldsdóttir